

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/28/EB

2002/EES/03/27

frá 18. september 2000**um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana(*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslíð 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálaneftndarinnar⁽²⁾,

með hliðsjón af álti Seðlabanka Evrópu⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við markmið sáttmálans ber að vinna að samræmdir proun i starfsemi lánastofnana í bandalaginu, einkum að því er varðar útgáfu rafeyris.
- 2) Tilteknar stofnanir takmarka starfsemi sína í meginatriðum við útgáfu rafeyris. Til að komast hjá röskun á samkeppni milli þeirra sem gefa út rafeyri, jafnvel i tengslum við beitingu ráðstafana er vardá peningastefnu, er æskilegt að þessar stofnanir séu felldar undir gildissvið tilskipunar 2000/12/EB⁽⁵⁾, samanber þó viðeigandi sérákvæði þar sem tekið er tillit til sérkenna þeirra.
- 3) Það er því ráðlegt að rýmka skilgreininguna á lánastofnunum, sem kveðið er á um í 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, þannig að hún nái til þessara stofnana.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjórið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálapjónusta) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 17.

(¹) Stjórið. EB C 317, 15.10.1998, bls. 12.

(²) Stjórið. EB C 101, 12.4.1999, bls. 64.

(³) Stjórið. EB C 189, 6.7.1999, bls. 7.

(⁴) Álit Evrópuþingsins frá 15. apríl 1999 (Stjórið. EB C 219, 30.7.1999, bls. 421), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. nóvember 1999 (Stjórið. EB C 26, 28.1.2000, bls. 12) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(⁵) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjórið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1).

4) Rafeyrisstofnanir eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim⁽⁶⁾.

5) Rafeyrir skal vera innleysanlegur til að handhafar hans hafi trú á honum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:*1. gr.*

Tilskipun 2000/12/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. komi eftirfarandi texti:

„1. „Lánastofnun“:

- a) fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á móti innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning; eða
- b) rafeyrisstofnun í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim^(*).

(*) Stjórið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.“

2. Eftirfarandi grein bætist við V. bálk:

„33. gr. a

Ákvæði 3. gr. tilskipunar 2000/46/EB skulu gilda um lánastofnanir.“

2. gr.

1. Aðildarrikin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. apríl 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarrikin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarrikin skulu setja nánari reglur um slika tilvisun.

(⁶) Stjórið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

2. Aðildarrikin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarrikjanna.

3. gr.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Fyrir hönd Evrópupingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H.VÉDRINE

forseti.